

Samruni Alfa Framtaks hf. og Lyfja og heilsu hf.

1. Þann 23. desember 2024 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna fyrirhugaðra kaupa AU 26 ehf. (hér eftir „AU 26“) á meirihluta hlutafjár í LHH 25 ehf. (eignarhaldsfélagi Lyfja og heilsu hf.) (hér eftir „Lyf og heilsa“), sbr. d-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með tölvupósti 15. janúar 2025 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin teldist fullnægjandi og að frestir til rannsóknar samrunans hafi tekið að líða þann 24. desember 2024. Með bréfi, dags. 30. janúar 2023, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að ástæða væri til frekari rannsóknar samrunans. Með ákvörðun þessari lýkur meðferð málsins án íhlutunar líkt og nánar verður útskýrt, enda starfa samrunaaðilar á ólíkum mörkuðum. Nánari grein er gerð fyrir meðferð málsins hér á eftir.

I. Samruninn og samrunaaðilar

2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Í samrunaskrá segir að þann 22. desember 2024 hafi verið undirritaður samningur þar sem kaupandi (AU 26) skuldbindur sig til að kaupa nýtt hlutafé í félaginu LHH 25 [...]¹. Í kjölfar viðskiptanna mun kaupandi fara með yfirráð yfir LHH 25 og eina dótturfélagi þess, Lyfjum og heilsu. Samkeppniseftirlitið telur að í þessum kaupum felist samruni í skilningi 17. gr. laganna.
3. Líkt og kemur fram í samrunaskrá er AU 26 eignarhaldsfélag sem var stofnað af sérhæfða sjóðnum AF2 slhf. („hér eftir „AF2“) árið 2024 og er félagið að öllu leyti í eigu sjóðsins. AU 26 eigi engar eignir fyrir viðskiptin. AF2 sé framtakssjóður sem sé í rekstri Alfa Framtaks, óháðs rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Alfa Framtak leggi áherslu á framtaksfjárfestingar og starfi samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.
4. Alfa Framtak reki tvo framtakssjóði, AF1 slhf. („AF1“) og AF2. Fjárfestingar AF1 eru í fyrirtækjunum Málmsteypu Þorgríms Jónssonar, Greiðslumiðlun Íslands, INVIT og Travel Connect. AF2 hóf starfsemi þann 1. apríl 2022 og er fjárfestingartímabil sjóðsins enn í gangi. Sjóðurinn hefur hingað til fjárfest í fyrirtækjunum Origo, Thorlce Chilling Solutions, Reykjafelli, ýmsum hótelum og Tixly. Eignarhald á AF2 er dreift og enginn einn aðili fer með yfirráð yfir sjóðnum á grundvelli eignarhlutdeildar eða annarra samninga. Hluthafar sjóðsins bera takmarkaða ábyrgð. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum og tveimur til vara en þar af tilnefna

¹ Trúnaður.



ábyrgðaraðili og rekstraraðili sjóðsins einn stjórnarmann hvor og einn varamann sameiginlega. Hluthafafundur kýs þrjá menn í stjórn og einn varamann. Að öðru leyti koma hluthafar ekki að rekstri sjóðsins og geta ekki tekið ákvarðanir varðandi stefnu hans.

5. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er LHH 25 eignarhaldsfélag Lyfja og heilsu og fer LHH 25 aðeins með yfirráð í því félagi. Lyf og heilsa fari ekki með yfirráð í öðrum félögum. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Lyfja og heilsu felist í rekstri apóteka víðs vegar um landið undir merkjum Lyfja & heilsu, Apótekarans, Garðs Apóteks og Apóteks Hafnafjarðar. Lyf og heilsa sérhæfi sig á sviði heilsu og heilbrigðis og bjóði upp á breitt úrval lyfja í smásölu og annarra heilsutengdra vara. Þá fari innan Lyfja og heilsu fram framleiðsla á kremum, smyrslum, áburðum og olíum undir merkjum Gamla Apóteksins og rekstur gleraugnaúðar undir vörumerkinu Augastaður.

II. Málsmeðferð

6. Þann 23. desember 2024 barst Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi samrunatilkynning aðila og byrjuðu frestir að líða þann 24. desember 2024. Samkeppniseftirlitið veitti hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögn vegna samrunans og barst í kjölfarið ein efnisleg umsögn frá samkeppnisaðila Lyfja og heilsu, Lyfju.²
7. Í framangreindri umsögn Lyfju var m.a. bent á skilyrði þau er fram koma í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2024, *Kaup Festi á Lyfju hf.*, varðandi samkeppnisbönn eða aðrar samkeppnishömlur í ráðningasamningum við lyfjafræðinga. Taldi viðkomandi keppinautur rétt að Samkeppniseftirlitið liti til þessa við rannsókn á framangreindum samruna. Þá var einnig bent á mögulega mikilvæga aðstöðu annarra félaga innan samstæðu Alfa Framtaks gagnvart fjölmörgum apótekum hérlendis, þ.m.t. Helix Health ehf. (Helix) og Origo ehf. [...]³
8. Í ljósi fram kominna upplýsinga um starfsemi Helix (félag undir óbeinum yfirráðum AF2) og þeirrar staðreyndar að engar upplýsingar um starfsemina var að finna í samrunaskrá taldi Samkeppniseftirlitið rétt að afla frekari upplýsinga frá samrunaaðilum þann 28. janúar 2025. Nánari upplýsingar bárust frá samrunaaðilum þann 29. janúar 2025.
9. Í svari samrunaaðila kom fram að Helix veiti apótekum tvær mismunandi vörur/þjónustur. Annars vegar hafi Helix selt afgreiðslukerfi til minni apóteka og veitt þjónustu í tengslum við það. Afgreiðslukerfið verði þó tekið úr notkun 1. maí nk. Hins vegar bjóði Helix upp á Heklu, sem sé lokað rafrænt samskiptanet til sendinga á heilbrigðisgögnum milli aðila á heilbrigðissviði. M.a. séu öll apótek tengd Heklu. Helix þjónusti þannig öll apótek á landinu beint eða óbeint, í gegnum þjónustusamning við embætti landlæknis vegna miðlægu lyfjaávísunargáttarinnar. Nauðsynlegt sé fyrir alla aðila á heilbrigðissviði að hafa aðgang að kerfinu meðan samningur embættis Landlæknis við Helix er í gildi. Þannig sé um að ræða svo kallaða nauðsynlega aðstöðu fyrir apótek.
10. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að samrunaaðilar hefðu átt að veita upplýsingar um starfsemi og aðstöðu Helix í samrunatilkynningu en svo var ekki gert. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 30. janúar 2025, var samrunaaðilum tilkynnt að í ljósi upplýsinga um starfsemi Helix og upplýsinganna hefði ekki verið getið í samrunaskrá teldi

² Umsagnabeiðnir í málinu voru sendar með tölvupósti á eftirfarandi aðila: Akureyrarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Suðurlands, Apótek Vesturlands, Austurbæjar Apótek, Borgarapótek, Costco, Efstaleitisapótek, Farmasía apótek, Íslands Apótek, Lyfja, Lyfjabúrið, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjanesapótek, Reykjavíkuraþótek, Rimaapótek, Siglufjarðar apótek, Urðarapótek.

³ Trúnaður.



Samkeppniseftirlitið ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga og 1. mgr. 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, nr. 1390/2020 með síðari breytingum.

11. Tilkynning Samkeppniseftirlitsins um frekari rannsókn var með fyrirvara um mögulegt endurmat á því hvort innsend samrunatilkynning, dags. 23. desember 2024, hefði verið fullnægjandi líkt og eftirlitið hefði talið á þeim tíma, þar sem ofangreindar upplýsingar um Helix og þjónustu þess við apótek skorti í samrunaskrá. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri nauðsynlegt að rannsaka hvort hætta væri á að samkeppni á apótekamarkaði raskist vegna tengsla Lyfja og heilsu og Helix, ef af samrunanum yrði. Í því skyni taldi eftirlitið mikilvægt að rannsaka frekar hvort Helix geti m.a. mismunað apótekum, s.s. varðandi verðlagningu, þjónustu, eða nýtt sér aðgengi að viðkvæmum upplýsingum um rekstur keppinauta Lyfja og heilsu.
12. Með bréfi samrunaaðila, dags. 5. febrúar 2025, bárust sjónarmið þeirra varðandi tengsl AU 26 og Helix. Þar kom fram það mat samrunaaðila að starfsemi Helix skarist í raun takmarkað, ef eitthvað, við rekstur apóteka. Eignatengsl milli Helix og AU 26 hafi ekki í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni á apótekamarkaði. Var vísað til trúnaðar- og þagnarskyldu Helix og haldið fram að ekki sé grundvöllur fyrir Helix að mismuna apótekum. Að mati samrunaaðila muni samruninn hvorki hafa í för með sér skaðleg lóðrétt né samsteypuáhrif. Nánar er gerð grein fyrir sjónarmiðum samrunaaðila hér á eftir.
13. Í ljósi framkominna nýrra upplýsinga í samrunamálinu um starfsemi Helix, samning þess við embætti landlæknis, og aðstöðu og þjónustu félagsins á apótekamarkaði, veitti Samkeppniseftirlitið hagsmunaaðilum á ný færi á því að koma að sjónarmiðum vegna samrunans, eða þann 6. febrúar 2025.⁴ Í því umsagnarferli barst ein efnisleg umsögn, frá Lyfju.⁵
14. Samkeppniseftirlitið óskaði einnig eftir upplýsingum frá embætti landlæknis, þann 11. febrúar 2025, m.a. varðandi þagnar- og trúnaðarskyldu Helix og möguleika félagsins til að mismuna einstökum apótekum. Svör embættisins bárust þann 6. mars 2025. Að mati embættis landlæknis felur samningur embættisins við Helix í sér skyldu félagsins til að veita notendum Heklu óhindraðan aðgang á jafnræðisgrunni og án mismununar. Nánar verður gerð grein fyrir afstöðu embættisins hér á eftir.
15. Þann 4. mars 2025 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari upplýsingum frá samrunaaðilum um möguleg samkeppnisbörn í samningum Lyfja og heilsu við einstaka lyfjafræðinga/lyfsöluleyfifhafa og bárust upplýsingarnar þann 11. mars 2025. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum séu engin samkeppnisbörn í gildi í ráðningarsamningum Lyfja og heilsu við lyfjafræðinga.
16. Þann 19. mars 2025 sendu samrunaaðilar Samkeppniseftirlitnu svo afrit af innri reglum Alfa Framtaks sem samþykktar voru af stjórn fyrirtækisins í tengslum við kaup AU 26 á Lyf og heilsu. Í reglunum er fjallað um meðferð trúnaðarupplýsinga, skipun stjórnarmanna í stjórn Helix og að gæta skuli jafnræðis gagnvart aðilum á apótekamarkaði til að koma í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif á apótekamarkaði af yfirráðum Alfa Framtaks á Lyfjum og heilsu. Einnig kveða reglurnar á

⁴ Umsagnabeidnir í málinu voru sendar með tölvupósti á eftirfarandi aðila: Akureyrarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Suðurlands, Apótek Vesturlands, Austurbæjar Apótek, Borgarapótek, Costco, Efstaleitisapótek, Farmasía apótek, Íslands Apótek, Lyfja, Lyfjabúrið, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjanesapótek, Reykjavíkrapótek, Rimaapótek, Siglufjarðar apótek, Urðarapótek.

⁵ Einnig lýsti einn samkeppnisaðili því yfir að viðkomandi gerði enga athugasemd við fyrirhuguð eignatengsl Lyfja og heilsu og Helix.



um að tryggja skuli að samkeppnisbönn séu ekki sett í samninga Lyfja og heilsu við lyfjafræðinga. Nánar er fjallað um þessar innri reglur hér að eftir.

III. Markaðir málsins

17. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- og eða þjónustumarkaði, og hins vegar landfræðilegum markaði.
18. Að sögn samrunaaðila lýtur meginstarfsemi AU 26 að fjárfestingarstarfsemi. Meginstarfsemi Lyfja og heilsu snúi hins vegar að rekstri apóteka. Benda samrunaaðilar á að Samkeppniseftirlitið hafi í fyrri ákvörðunum sínum skilgreint þá markaði sem apótek starfa á.⁶ Hafi í þeim málum einkum verið litið til lyfjamarkaðarins enda er lyfsala og sala tengdra vara meginstarfsemi apóteka, eins og fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2023, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Apóteki Hafnarfjarðar ehf.*
19. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að þeir starfi að öllu leyti á ótengdum mörkuðum og er það mat þeirra að viðskiptin feli í sér samsteypusamruna, skv. a-lið 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, þar sem samrunaaðilar eru ekki í samkeppnislegum tengslum sem keppinautar eða viðskiptavinir. Samrunaaðilar telja að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á markaðsgerð þeirra markaða þar sem áhrifa hans kynni að gæta, enda verði skörun ekki nein ef af fyrirhuguðum samruna verður.
20. Að sögn samrunaaðila starfar Lyf og heilsa fyrst og fremst á markaði fyrir smásölu lyfja og tengdra vara. Markaðurinn nái bæði til smásölu lyfseðilsskyldra lyfja og lausasölulyfja. Samkeppniseftirlitið hafi í fyrri ákvörðunum skilgreint markaði sem apótek starfa á. Í fyrri framkvæmd hefur einkum verið litið til lyfjamarkaðarins enda er lyfsala og sala tengdra vara talin vera meginstarfsemi apóteka („apótekamarkaður“). Samrunaaðilar telji ekki vera tilefni til að skilgreina markaðinn í þrengri undirmarkaði þar sem engin skörun sé á starfsemi samrunaaðila.⁷
21. Til viðbótar við kjarnastarfsemi Lyfja og heilsu, starfi félagið á (i) markaði fyrir sölu á sjón- og sólgleraugum, ásamt því að veita sjónmælingaþjónustu, og (ii) markaði fyrir framleiðslu á kremum, smyrslum, áburðum og olíum.
22. Að sögn samrunaaðila starfa AU 26, og AF2 fyrst og fremst á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2019, *Kaup FREYJU framtakssjóðs slhf. á 49% hlut í Ísmar ehf.*
23. Samrunaaðilar vísa til þess að almennt verið litið svo á í samkeppnisrétti að smásölumarkaðir séu staðbundnir, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2023, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Apóteki Hafnarfjarðar ehf.* Þannig hefur Samkeppniseftirlitið skilgreint höfuðborgarsvæðið sem sérstakan landfræðilegan markað fyrir lyfsölu og, eftir eðli máls hverju sinni, hafa verið talin

⁶ Sjá m.a. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2021, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Garðs Apóteki ehf.*, nr. 34/2021, *Kaup Lyfsalans ehf. á Lyfjavalí ehf. og Landakoti fasteignafélagi*, nr. 29/2019, *Samruni Haga hf. og Reykjavíkur Apóteks ehf.* og nr. 18/2023, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Apóteki Hafnarfjarðar ehf.*

⁷ Í framkvæmd hefur verið litið til þrengri undirmarkaða, t.a.m. markað fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, markaði fyrir heilsuvörur (vítamín, bætiefni o.fl.) og markaði fyrir heilbrigðis- og sjúkravörur, Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2021, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Garðs Apóteki ehf.*



efni til að skilgreina markaðinn með þrengri hætti.⁸ Lyf og heilsa reki apótek hvort tveggja á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni en samrunaaðilar telji ekki þörf á að leggja endanlega niðurstöðu um skilgreiningu landfræðilegs markaðar til grundvallar með vísan til þess að engin skörun verði í kjölfar viðskiptanna.

24. Hvað varðar markað fyrir sölu á sjón- og sólgleraugum þá sé Augastaður með tvö útibú, í Hafnarfirði og í Mjóddinni. Samrunaaðilar telji að landfræðilegur markaður sé landsbundinn en ef tekið sé tillit til netverslunar sé hægt að skilgreina landfræðilega markaðinn sem a.m.k. allt EES svæðið. Samrunaaðilar telji hins vegar ekki nauðsynlegt í þessu máli að taka endanlega afstöðu til landfræðilegra markaða á framangreindum smásölumarkaði.
25. Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður fyrir markaðinn fyrir framleiðslu á kremum, smyrslum, áburðum og olíum sé alþjóðlegur en telja með vísan til framangreinds ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar.
26. Þá telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður fyrir fjárfestingarstarfsemi sé landið allt, en telja ekki þörf á frekari umfjöllun um landfræðilega afmörkun markaðarins í samrunatilkynningu þessari, með vísan til þess sem að framan greinir.
27. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ekki ástæða til að gera athugasemdir við sjónarmið samrunaaðila varðandi markaðsskilgreiningar, svo sem í ljósi tilvísaðra fordæma, en ekki þarf að taka endanlega afstöðu til markaða í ljósi niðurstöðu málsins.

IV. Samkeppnisleg áhrif samrunans og staða samrunaaðila

28. Með samrunanum verður ekki samþjöppun á apótekamarkaði enda starfa samrunaaðilar á ólíkum mörkuðum. Aftur á móti þjónusta fyrirtæki í samstæðu Alfa Framtaks lyfsölubúðir á apótekamarkaði, þ.m.t. Lyf og heilsu og fjölmarga keppinauta þess. Er því aðallega um að ræða lóðréttan samruna og samsteypusamruna.
29. Að mati Samkeppniseftirlitsins er nauðsynlegt að rannsaka hvort hætta sé á að samkeppni á apótekamarkaði raskist vegna fyrirhugaðra tengsla Lyfja og heilsu og Helix. Í því skyni skiptir máli aðstaða Helix gagnvart apótekum, m.a. á grundvelli samnings félagsins við embætti landlæknis og þjónustu við upplýsingatæknikerfi sem svo til öll apótek landsins nota. Þannig kom til álita, m.a. í kjölfar umsagnar og samráðsferlis hjá markaðsaðilum, hvort samstæða Alfa Framtaks sem eigandi Helix og Lyfja og heilsu í kjölfar samrunans, geti nýtt aðgang sinn að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um apótek, og eftir atvikum mismunað apótekum við veitingu mikilvægrar þjónustu vegna UT kerfa sem apótek séu háð, m.a. vegna lyfjatilvísana. Þannig var til rannsóknar hvort slík mismunum geti raungerst og með hvaða hætti á grundvelli aðstöðu Helix, s.s. varðandi verðlagningu, þjónustu og/eða vegna aðgengis að upplýsingum um rekstur keppinauta.
30. Að sögn samrunaaðila muni samruninn styrkja rekstrargrundvöll Lyfja og heilsu og styðja við vöxt þess. Það sé jafnframt mat samrunaaðila að starfsemi Helix skarist í raun takmarkað, ef eitthvað, við rekstur apóteka. Að sögn samrunaaðila greiði öll apótek sama tímagjald skv. gjaldskrá fyrir þjónustu Helix. Þá sé Helix bundið trúnaðar- og þagnarskyldu samkvæmt samningi við embætti landlæknis. Aðeins tilteknir starfsmenn séu með aðgang að kerfinu og

⁸ Sjá m.a. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, nr. 28/2018, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Opnu ehf.*, nr. 13/2021, *Kaup Lyfja og heilsu á Garðs Apóteki ehf.* og umfjöllun í mgr. 17-21 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2023, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Apóteki Hafnarfjarðar.*



þurfi þeir að undirgangast sérstaka trúnaðaryfirlýsingu gagnvart embætti landlæknis. Samrunaaðilar telji þar af leiðandi að fullnægjandi vernd hafi verið slegin utan um trúnaðargögn sem Helix hafi aðgang að og því muni Lyf og heilsa ekki öðlast upplýsingaforskot né fá aðgang að trúnaðarupplýsingum sem tengist kerfinu.

31. Þá telja samrunaaðilar að eignatengsl milli Helix og AU 26 muni ekki hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni á apótekamarkaði. Þannig sé ekki grundvöllur fyrir Helix að mismuna apótekum á grundvelli sameiginlegs eignarhalds Alfa Framtaks, Helix og Lyfja og heilsu, hvort sem það varðar verðlagningu, þjónustu og/eða vegna aðgengis að upplýsingum. Þá tryggji gildandi fyrirkomulag með fullnægjandi hætti að trúnaðarupplýsingar sem hægt sé sækja úr Heklu geta ekki ratað til annarra en þeirra sem starfa við að þjónusta kerfið. Einnig hafi Helix enga efnahagslega hvata til þess að mismuna notendum Heklu með mismunandi verðlagningu eða þjónustu.
32. Að sögn samrunaaðila sé Helix rekið sem sjálfstætt dótturfélag Skyggis eignarhaldsfélags og sé daglegur rekstur í höndum framkvæmdastjórnar félagsins. Framkvæmdastjórn starfar undir stjórn sem samanstendur af fimm einstaklingum. Alfa Framtak sé með einn stjórnarmann en aðrir stjórnarmenn séu ýmist sjálfstæðir eða úr framkvæmdastjórn Origo (móðurfélag Helix). Þar af leiðandi starfi Helix að öllu leyti sjálfstætt og án hvers kyns tengsla við önnur félög sem sjóðir í rekstri Alfa Framtak hafa fjárfest í. Muni samruninn því að mati samrunaaðila hvorki hafa í för með sér skaðleg lóðrétt né samsteypuáhrif.
33. Í framkominni umsögn Lyfju, samkeppnisaðila Lyfja og heilsu, er vísað til sterkrar stöðu Helix á markaði fyrir tækniþjónustu á heilbrigðismarkaði. Að mati keppinautarins væru framkomin sjónarmið samrunaaðila ekki fullægjandi til að koma í veg fyrir þau neikvæðu samkeppnislegu áhrif sem af samrunanum geta leitt að óbreyttu. Ekki dugi að vísa almennt til þess að Helix hafi enga hvata til að mismuna apótekum í verðlagningu eða þjónustu og að starfsmenn Helix séu bundnir trúnaði um mikilvægar upplýsingar og starfi að öllu leyti sjálfstætt. Komi til samrunans munu Helix og Lyf og heilsa lúta sameiginlegu eignarhaldi. Slíkt sé til þess fallið að skapa neikvæða samkeppnislega hvata. Viðkomandi keppinautur taldi þannig brýnt að Samkeppniseftirlitið komi í veg fyrir hvers konar neikvæð samkeppnisleg áhrif sem af framangreindu og samrunanum geti leitt, þ. á m. þannig að fyllsta jafnræðis og hlutlægni sé gætt gagnvart þeim sem Helix veiti þjónustu, bæði þeirri þjónustu sem komin sé til vegna samnings félagsins við embætti landlæknis og í tengslum við mögulegar tæknilausnir á heilbrigðismarkaði almennt í ljósi sterkrar stöðu Helix á þeim markaði. Jafnframt þurfi að tryggja að upplýsingar berist ekki milli keppinauta á sama samkeppnismarkaði auk þess sem tryggja þurfi stjórnunarlegan aðskilnað milli Helix og tengdra félaga.
34. Í umsögn embættis landlæknis kom fram að samkvæmt þjónustusamningi embættisins við Helix sé fyrirtækið skuldbundið að veita notendum Heklu lyfseðlagáttar þjónustu og aðstoð við að tengjast og leysa úr málum sem upp koma við notkun kerfanna. Að mati embættisins felur framangreint ákvæði í sér óhindraðan aðgang fyrir alla, sem uppfylla tæknilega skilmála og öryggiskröfur, á jafnræðisgrunni og án mismununar. Þá séu í samningnum trúnaðarákvæði sem að mati embættisins leggi yfirgripsmiklar skuldbindingar á Helix. Þannig telur embætti landlæknis eðlilegt að efni og tilgangur ákvæðisins verði, gangi samruninn eftir, túlkað með hliðsjón af breyttum aðstæðum þar sem mögulega kunni að stofnast bein eða óbein eigna- og hagsmunatengsl milli Helix og annarra aðila á þeim samkeppnismörkuðum sem máli skipta og áhrifa samrunans kunna að gæta.
35. Þann 19. mars 2025 sendu samrunaaðilar Samkeppniseftirlitnu svo afrit af innri reglum Alfa Framtaks sem samþykktar voru af stjórn félagsins eins og áður sagði. Í þessum innri reglum Alfa



Framtaks er fjallað um meðferð trúnaðarupplýsinga o.fl. sem gilda meðal annars innan Helix og Lyfja og heilsu til að koma í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif á apótekamarkaði af yferráðum Alfa Framtaks á Lyfjum og heilsu. Er þar fjallað um skipun stjórnarmanna í stjórn Helix og þeir skuli vera óháðir Lyfjum og heilsu. Jafnframt skuldbindur Alfa Framtak sig í umræddum innri reglum til að tryggja að aðilar tengdir félaginu hagnýti ekki samkeppnisréttarlegar viðkvæmar upplýsingar sem þeir fá aðgang að innan Helix í rekstri Lyfja og heilsu. Þá hefur Alfa Framtak sett þær reglur að gæta jafnræðis og stuðla hvorki að né ýta undir athæfi sem leiði til mismununar á milli Lyfja og heilsu og keppinauta fyrirtækisins á apótekamarkaði. Að lokum kveða reglur Alfa Framtaks á um að tryggja skuli að samkeppnisbönn séu ekki sett í samninga Lyfja og heilsu við lyfjafræðinga. Þá hafði samrunaaðili í því samhengi upplýst að engin samkeppnisbönn séu virk eða í framkvæmd í núgildandi ráðningarsamningum við lyfjafræðinga.

36. Við rannsókn málsins var litið til framangreindra umsagna, innri reglna Alfa Framtaks og fyrirbyggjandi upplýsinga og gagna. Auk þess býr Samkeppniseftirlitið yfir gögnum og upplýsingum á apótekamarkaði sem það hefur aflað við rannsóknir í tengslum við nýlegar ákvarðanir.⁹
37. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að embætti landlæknis og samrunaaðilar líta svo á að Helix sé óheimilt að miðla upplýsingum þeim sem félagið kann að búa yfir til utanaðkomandi aðila, þ. á m. til Alfa Framtaks og Lyfja og heilsu. Ljóst er að ef Helix myndi brjóta slíkan trúnað kynni það að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samningssamband félagsins við embætti landlæknis, og þar með fyrir aðstöðu félagsins vegna Heklu en samkvæmt veittum upplýsingum sé hugbúnaðurinn í eigu embættis landlæknis. Er umrædd aðstaða samrunaaðila þannig háð umræddum samningi við embættið, hlítungu við ákvæði samnings og trúnaðarskyldum við gagnaðila sinn embætti landlæknis. Væru framangreindur samnings- og trúnaðarskyldur Alfa Framtaks og Helix brotnar er sennilegt að umrædd aðstaða til þess að raska samkeppni eða útiloka keppinauta sína yrði vart lengur fyrir hendi að mati Samkeppniseftirlitsins vegna mögulegra vanefnda og trúnaðarbrot. Er því afar ólíklegt að sameinað fyrirtæki hafi hvata til þess að misnota aðstöðu sína með þessum hætti.
38. Þrátt fyrir að ákvæði samnings Helix við embætti landlæknis séu ekki skýr um það að Helix geti ekki mismunað apótekum sem nýta umrætt upplýsingakerfi og njóti þjónustu félagsins, svo sem með mismunum í verði og/eða þjónustu, þá er ljóst að Helix ber ákveðnar samnings- og trúnaðarskyldur eins og áður sagði. Því til viðbótar hefur Alfa Framtak sem fer með endanleg yferráð í Helix sett sér innri reglur sem miða að því að Helix gæti fyllsta jafnræðis gagnvart apótekum. Í ljósi þeirra hagsmuna sem Helix hefur af áframhaldandi samstarfi við embætti landlæknis og áhrifa þess á samninginn við embættið ef í ljós kæmi að félagið nýtti aðstöðu sína til að mismuna apótekum verður að ætla að ólíklegt sé að félagið muni grípa til slíkra ráðstafana þótt af samruna AU 26 og Lyfja og heilsu verði.
39. Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að aðstaða Helix sé ekki með þeim hætti að hún sé nægjanleg til að hindra virka samkeppni á apótekamarkaði. Í samrunamálinu liggur ekki fyrir umtalsvörð röskun á samkeppni samkvæmt gögnum málsins, og eru því ekki forsendur til íhlutunar af þessari ástæðu.
40. Í fyrri samrunamálum hefur Samkeppniseftirlitið fjallað um aðgangshindranir á apótekamarkaði og ýmsar samkeppnishindranir, svo sem langtíma samkeppnisbönn í samningum lyfjafræðinga við vinnuveitendur sína á sama tíma og samrunarannsóknir hafa leitt í ljós mönnunarvanda

⁹ Sjá t.d. ákvörðun nr. 13/2021 *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Garðs Apóteki ehf.*, ákvörðun nr. 9/2021 *Kaup Lyfju hf. á Opnu ehf.*, ákvörðun 1/2020 *Samruni Lyfju hf. og Árbæjarapóteki* og ákvörðun nr. 32/2024 *Kaup Festi hf. á Lyfju hf.*



apóteka og skort á lyfjafræðingum héraendis. Þannig geta samkeppnishindranir í ráðningarsamningum minnkað líkur á innkomu nýrra keppinauta eða stækkun sjálfstæðra apóteka. Hafa keppinautar Lyfja og heilsu m.a. fjarlæggt slík samkeppnisbönn úr ráðningarsamningum sínum við lyfjafræðinga. Í þessu máli hefur Alfa Framtak sem kaupandi Lyfja og heilsu upplýst að slík samkeppnisbönn sé ekki að finna í starfseminni ólíkt því sem átti við í tilviki Lyfju í fyrri samruna þess félagsins.¹⁰ Er því ekki um að ræða sambærileg mál eða atriði sem þarfnast íhlutunar á grundvelli samkeppnislaga líkt og í tilviki Lyfju. Jafnframt hefur Alfa Framtak sett innri reglur til að tryggja að slík ákvæði verði ekki tekin upp í samninga keðjunnar við lyfjafræðinga. Lítur Samkeppniseftirlitið því svo á að Lyf og heilsa hafi þegar útrýmt slíkum samkeppnisbönum til framtíðar.

41. Í þessu sambandi má þó benda á að Samkeppniseftirlitið hefur heimildir til þess að endurupptaka samrunamál og afturkalla ákvarðanir um að íhlutast ekki séu þær byggðar á röngum atvikum eða upplýsingagjöf aðila, sbr. 3. mgr. 17. gr. e. samkeppnislaga. Svo sem ef framangreindur samningur Helix við embætti landlækni, áður nefndar innri reglur Alfa Framtaks, önnur gögn eða atvik málsins reynast með öðrum hætti en aðilar hafa upplýst og rannsóknin hefur leitt í ljós, til dæmis með þeim mögulegu afleiðingum að aðstæður væru raunar aðrar og ekki fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir mögulegar hindranir í garð keppinauta Lyfja og heilsu með þeim hætti sem tilkynnandi hefur upplýst um í samrunamálinu.
42. Við mat á samkeppnislegum áhrifum ber að líta til þess hvort samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Líkt og að framan greinir komu upp ábendingar um mögulegar samkeppnishindranir vegna upplýsingakerfa, aðstöðu og aðgengis Helix sem er hluti af samstöðu Alfa Framtaks. Í kjölfar frekari rannsóknar er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar vegna þessa. Að undangenginni rannsókn málsins og með vísan til fyrirliggjandi upplýsinga er það þar með niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til íhlutunar vegna samrunans. Gefa fyrirliggjandi gögn og upplýsingar ekki til kynna að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

V. Ákvörðunarorð:

„Kaup AU 26 ehf. á meirihluta hlutafjár í LHH 25 ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹⁰ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2024, Kaup Festi hf. á Lyfju hf., <https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2025/Akvordun-32-2024.pdf>.